

Dagsetning 13.3.2023

Blönduós, verkefnaráðsfundur kl. 16.30

Elín fer yfir dagskrá fundar og opnar fundinn

Anna Sigga fer yfir valkostagreiningu:

Tekur fram eftirfarandi: Nýtt 220 kV tengivirki verður á Holtavörðuheiði en ekki í Hrútatungu. Fyrir framtíðaruppbyggingu er það betra en Hrútatunga. Tengingar mögulegar m.a. inn á Vestfirði og Snæfellsnes. Þar með féllu leiðir C, X og Z út og fara því ekki í umhverfismat.

Stórasandsleið: 20 km í 700 m hæð, náttúruvá of mikil. Sú leið tekin út úr valkostum.

Spurning: Hvar eru mörkin, er miðað við 700 m h.y.s.?

Árni Jón svarar: Almennt viljum við af rekstraröryggisástæðum ekki fara of hátt, skýjaísingarrætta of mikil, og talið að við séum komin yfir þau mörk þarna.

Anna Sigga heldur áfram kynningu:

Sæstrengsleið var tekin út. Eru of erfiðir í rekstri og miklu dýrari framkvæmd. Tæknilega ekki fær leið, svo það var ekki metinn kostnaður. Sömu tæknilegu annmarkar á rekstri slíkra strengja og jarðstrengja.

Jarðstrengir: 2 hugmyndir að leiðum í kringum Laxá á Ásum og þar vestan af voru settir fram. Þær voru teknar út þar sem þeir eru ekki taldir vera raunhæfir kostir, tæknilega, og samræmast aukinheldur ekki stefnu stjórnvalda um lagningu jarðstrengja.

Erla fer yfir matsáætlun

Farið yfir áformaðar rannsóknir vegna HH3. Öðruvísi í þessu mati en oft áður, er að lagt verður mat á óbyggð víðerni. UST og SKS bera ábyrgð á kortlagningu víðerna en sú vinna liggur ekki fyrir.

Spurning: Af hverju var ekki talað við Náttúrufræðistofu Norðurlands vestra varðandi fuglarannsóknir, í stað Náttúrufræðistofu Norðurlands eystra?

Svar: Meiri sérhæfing í fuglarannsóknnum hjá þeirri fyrri.

Gnýr fer yfir flutningskerfið

Fer yfir áskoranir, áform, o.fl.

Spurning um Vestfirði: Er ætlunin að styrkja eða virkja meira; yrði hvort tveggja gert?

Gnýr svarar að það þurfi að styrkja lókalt. Minnst á að verið sé að skoða möguleika á tengivirki á Laugarbakka, og að komið hafi beiðni frá Rarik um þetta. Þetta er verið að skoða, t.d. vegna þess að það er erfitt að fæða Vestursýsluna eins og staðan er í dag.

Spurning: Hvernig kemur smásala raforku inn í þetta?

Smásalar kaupa raforku og smyrja lítið á það, lítil yfirbygging.

Spurning: Fasteignagjöld á möstrum og km-gjald fyrir flutninginn; Myndi þetta hafa mikil áhrif á hönnun?

Km-gjald verður líklega ekki möguleiki. Það þarf alltaf að byggja sömu mannvirkin. Samt er verið að skoða gjaldskrána og endurskoða hana. Verður kynnt bráðlega. Öðruvísi álag á kerfið núna en var, t.d. út af hleðslustöðvum, en ólíklegt að km-gjaldið verði nokkurn tímann sett á þar sem það er ekki raunveruleg leið, heldur bara viðskiptasamningur.

Spurning/athugasemd: Skv. raforkulögum má ekki innheimta fasteignagjöld vegna mannvirkjanna.
Svar Gnýs: Það yrðu þá í raun bara notendur sem greiddu fyrir það, Landsneti er skömmtuð arðsemi, og ef það kemur nýr tekjuliður þá bætist hann við tekjumörkin.

Eftir kynningar: Horft var á línuleiðir á kortum, valkosti sem settir verða í mat, einnig spurt út í efnistökusvæði fyrir slóðagerð. Mjög mikið um leir á svæðinu, en minna um mól á svæðinu. Fram kemur tillaga að tveimur svæðum sem mætti skoða vegna malarefnistöku. Báðir staðir eru á leið A; annars vegar þar sem vegur/slóði sker línuleiðina sunnan við Efri-Núpskirkju, og hins vegar þar sem línuleiðin sker slóða sunnan við Haugarkvíslarskála.